

Eftirlaunasjóður FÍA



Tryggingafræðileg athugun í árslok 2012



Apríl 2013

I. Efnisyfirlit

I.	Efnisyfirlit	1
II.	Inngangur	2
III.	Niðurstaða.....	2
IV.	Gögn	3
V.	Forsendur	4
VI.	Eignir, rekstur og endurmat.....	5
VII.	Staða sjóðsins í árslok 2012	6
VIII.	Niðurlag.....	8
IX.	Viðauki TAFLA 1	9
X.	Viðauki TAFLA 2	10

II. Inngangur

Talnakönnun hf. hefur samkvæmt beiðni stjórnar Eftirlaunasjóðs FÍA athugað tryggingafræðilega stöðu sjóðsins miðað við árslok 2012. Athugunin fólst í að reikna annars vegar áfallna skuldbindingu miðað við áunnin réttindi sjóðfélaga og hins vegar heildarskuldbindingu miðað við að sjóðfélagar héldu áfram að greiða í sjóðinn þar til þeir færu á lífeyri Vigfús Ásgeirsson tryggingastærðfræðingur sjóðsins vann athugunina samkvæmt samþykktum sjóðsins og í samræmi við 24. grein laga nr. 129/1997 og ákvæði IV. kafla reglugerðar nr. 391/1998 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Vigfús er með viðurkenningu Fjármálaeftirlitsins samkvæmt 39. gr. laga nr. 56/2010 um váttryggingastarfsemi en í viðurkenningunni felst meðal annars heimild til að gera tryggingafræðilega athugun á fjárhag hérlendra lífeyrissjóða í samræmi við 24. gr. laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997.

III. Niðurstaða

Taflan sýnir niðurstöðu athugunarinnar Til samanburðar er sýnd niðurstaða sem miðast við árslok 2011. Allar fjárhæðir eru í þúsundum króna.

NIÐURSTAÐA í árslok	2012		2011	
ÁFALLIN STAÐA				
Höfuðstóll	20.372.735	þúsundir	18.186.546	þúsundir
Viðbót vegna endurmats	477.019		1.071.699	
Fjárfestingarkostnaður	-699.640		-336.764	
EIGN	20.150.115		18.921.482	
Áfallin				
lífeyrisskuldbinding	22.330.771		22.399.306	
Kostnaður	213.394		152.044	
Áfallin skuldbinding	22.544.165		22.551.350	
Staða	-2.394.050	-10,6%	-3.629.869	-16,1%
HEILDARSTAÐA				
Iðgjöld	13.620.553	þúsundir	12.480.894	þúsundir
Eign + iðgjöld	33.770.668		31.402.376	
Lífeyrisskuldbinding	35.807.202		34.632.883	
Kostnaður	472.334		319.803	
Heildarskuldbinding	36.279.536		34.952.685	
Staða	-2.508.868	-6,9%	-3.550.309	-10,2%

Úttektin sýnir að heildarstaða sjóðsins er neikvæð um 2.509 milljónir eða 6,9% af heildarskuldbindingu. Það er betri staða en í árslok 2011 en þá var staðan neikvæð um 3.550 milljónir eða 10,2% af skuldbindingunni. Áfallin staða er neikvæð um 2.394 milljónir eða 10,6% af áfallinni skuldbindingu en hún var neikvæð um 3.630 milljónir í úttektinni 2011 eða 16,1% af skuldbindingunni.

Athugunin er unnin út frá sömu forsendum og í árslok 2011 nema hvað nú er miðað við lífslíkur samkvæmt reynslu áráanna 2007 til 2011 á Íslandi í stað áráanna 2004 til 2008 í síðustu úttekt. Áfallin skuldbinding sjóðsins eykst um 258 milljónir (1,2%) og heildarskuldbinding um 416 milljónir (1,2%) vegna nýju lífslíkanna. Nýr liður í rekstri sjóðsins er iðgjald í VIRK endurhæfingarsjóð (1,3% af iðgjaldatekjum) og lækka því væntar iðgjaldatekjur sjóðsins sem því nemur en að sama skapi eru væntingar um að örorkuskuldbindingar sjóðsins lækki. En það á eftir að koma í ljós hversu mikið örorkubyrðin lækkar (sem þýðir lægri örorkulíkur) og mun reynsla næstu ára skera úr um það. Á meðan verður ekki tekið tillit til áhrifa þessara útgjalda í tryggingafræðilegri athugun, það er hvorki í útreikningi á núvirði væntra iðgjalda eða örorkuskuldbindinga.

Heildarstaða sjóðsins er nú innan venjubundinna vikmarka -10% sem lög kveða á um eða -6,9%. Áfallin staða er hinsvegar -10,6%. Lögin segja ekkert um áfallna stöðu en þar sem réttindainnvinnsla sjóðsins er aldursháð þá verður að teljast eðlilegt að það séu settar reglur um vikmörk áfallinnar stöðu. Þau gætu að vísu verið aðeins rýmri en vikmörk heildarstöðu en þó varla lægri en -15%. Heildarstaða lífeyrissjóða á að jafnaði að vera innan 5% vikmarka og má ekki vera utan þeirra samfellt í meira en fimm ár. Eftir fjögur ár þar sem staða sjóðsins var utan vikmarka voru áunnin réttindi skert um 9% m.v árslok 2011. Þetta lagar stöðu sjóðsins töluvert en þrátt fyrir þessa skerðingu er staðan enn utan vikmarka og því þarf að laga stöðu sjóðsins. Það liggur fyrir samþykkt úr skriflegri atkvæðagreiðslu sjóðfélaga á árinu 2012 að verði heildarstaða sjóðsins miðað við árslok 2012 ekki í jafnvægi þá verði áunnin réttindi sjóðfélaga skert til að svo verði. Það þarf að skerða áunnin réttindi miðað við árslok 2012 um 11,2% til að heildarstaðan verði 0.

Miðað er við lífslíkur samkvæmt reynslu áráanna 2007 til 2011 á Íslandi (IS0711L).

IV. Gögn

Gögn um sjóðfélaga voru fengin úr Krúkerfi FUGLA ehf. Upplýsingar um kyn og fæðingardag hvers sjóðfélaga, fæðingardag maka, samtals áunnin réttindi sjóðfélagans og nýjustu upplýsingar um iðgjaldagreiðslur. Hjá lífeyrisþegum voru upplýsingar um tegund lífeyris og lífeyrisréttindin í desember 2012. Fyrri ár hafa gögn verið fengin frá rekstraraðila sjóðsins, NBI hf., en á því varð breyting fyrir þessa úttekt.

Sjóðfélögum er skipt í þrjá hópa:

1. Sjóðfélagar sem greiddu iðgjöld til sjóðsins á árinu 2012.
2. Sjóðfélagar með geymd réttindi, það er greiddu hvorki iðgjöld né þáðu lífeyri á árinu 2012.
3. Lífeyrisþegar í desember 2012.

Áreiðanleiki gagnanna var kannaðar með ítarlegum samanburði við gögn síðustu ára og tölur úr ársreikningi og var ágætis samræmi þar á milli.

V. Forsendur

Ellilífeyrir

1. Reiknað er með að starfandi sjóðfélagar hefji töku ellilífeyris frá og með 65 ára afmælisdegi.
2. Áunninn réttur til ellilífeyris frá og með 65 ára aldri er áunninn lífeyrisréttur í árslok 2012 samkvæmt réttindabókhaldi sjóðsins
3. Réttur ellilífeyrisþega á mánuði er lífeyrisgreiðsla í desember á janúarverðlagi.
4. Aldursháð réttindatafla gefur áunninn réttindi til ellilífeyris frá og með 65 ára aldri. Réttindin eru verðtryggt miðað við hækkun vísitölu neysluverðs frá vísitölu hvers mánaðar.

Örorkulífeyrir

1. Allir sem eiga ellilífeyrisréttindi hjá sjóðnum eiga rétt á örorkulífeyri, ef örorka þeirra er metin 50% eða meira og þeir verða fyrir tekjumissi.
2. Fyrir fulla (100%) örorku er áunninn örorkulífeyrir 75% af áunnum ellilífeyrisrétti og hlutfallslega minni fyrir minni örorku. Virkir sjóðfélagar eiga rétt á viðbót með framreikningi samkvæmt reglum í 12. grein samþykta sjóðsins.
3. Réttur örorkulífeyrisþega á mánuði er örorkulífeyrisgreiðsla desembermánaðar á janúarverðlagi.
4. Örorkulífeyrir greiðist til ellilífeyrisaldurs samkvæmt ofanskráðum reglum. Frá þeim tíma er greiddur ellilífeyrir.

Makalífeyrir

1. Makar allra þeirra sem eiga ellilífeyrisréttindi hjá sjóðnum eiga rétt á makalífeyri við fráfall sjóðfélaga.
2. Áunninn makalífeyrir er 48% áunnins ellilífeyris. Makar virkra sjóðfélaga og örorku- og ellilífeyrisþega fá viðbót með sams konar framreikningi og gildir um örorkulífeyri.
3. Makalífeyrir er greiddur til æviloka eftirlifandi maka..
4. Réttur makalífeyrisþega er greiðslan í desember á janúarverðlagi.

Barnalífeyrir

1. Við andlát eða starfsorkumissi sjóðfélaga fá börn þeirra rétt á lífeyri fram að 24 ára aldri.
2. Áunninn barnalífeyrir vegna andláts er 20% áunnins makalífeyris en þó aldrei lægri en 17.774 krónur á mánuði. Áunninn barnalífeyrir vegna örorku er 10% áunnins örorkulífeyris en þó aldrei lægri en 14.219 krónur á mánuði. Börn virkra sjóðfélaga fá viðbót með sams konar framreikningi og gildir um örorkulífeyri.
3. Réttur núverandi barnalífeyrisþega er greiðslan í desember á janúarverðlagi.

Almennar forsendur

1. Ávöxtun 3,5% umfram hækkunir vísitölu neysluverðs.
2. Íslenskar lífslíkur miðað við reynslu árána 2007 til 2011.
3. Íslenskar barneigna- og hjúskaparlíkur nema að raunveruleg hjúskaparstaða er notuð hjá lífeyrisþegum.

4. Meðaltal örorkulíka 17 íslenskra lífeyrissjóða samkvæmt reynslu árána 1998 til 2002, en þessar örorkulíkur urðu staðlaðar örorkulíkur frá og með reikningsárinu 2006.

VI. Eignir, rekstur og endurmat

Verðbréf í eigu sjóðsins voru endurmetin með því að núvirða þau til að sömu forsendur um vexti giltu um eignir og skuldbindingar og gaf það 477 milljónir króna eða 2,3% af bókfærðri eign. Núvirði fjárfestingargjalda er 670 milljónir og nettóendurmat því neikvætt um 223 milljónir eða 1,1% af eign.

Efnahagur 31/12 2012	Bókfært	Endurmetið verðmæti	Endurmat
Fjárhæðir í þús. króna			
Verðbréf með föstum tekjum	8.056.710	8.601.631	544.921
Veðlán	2.445.269	2.510.097	64.828
Verðbréf með breyttil. tekjum	7.831.940	7.724.082	-107.858
Bundnar bankainnistæður	1.605.224	1.580.353	-24.872
Hús- og fullnustueignir	15.558	15.558	0
Kröfur	163.698	163.698	0
Sjóður og veltiinnlán	288.913	288.913	0
Skuldir	-34.578	-34.578	0
Eign skv. ársreikningi	20.372.735		477.019
Endurmat	477.019		Fjárfestingargjöld
Fjárfestingargjöld	-699.640		Vegna ársins Núv.
Tryggingafræðileg eign	20.150.115		29.828 699.640

Einstök verðbréf voru ekki núvirt af Talmakönnun heldur var stuðst við útreikninga sem sjóðurinn útvegaði. Talmakönnun sendi framkvæmdastjóra sjóðsins greinar 19 til 21 úr reglugerð nr. 391/1998 en þær fjalla um endurmat eigna lífeyrissjóða ásamt eftirfarandi leiðbeiningum:

„Meðfylgjandi eru þau ákvæði reglugerðar 391/1998 sem eiga við um endurmat eigna fyrir tryggingafræðilegar athuganir í lok árs 2012. Í samræmi við ákvæði þeirra er óskað eftir :

1. Að bréf verði núvirt miðað við 3,5% (innlend verðtryggð og erlend bréf) eða 6,1% (innlend óverðtryggð) kröfu eftir því sem við á

2. Séu verðbréf með breytilega vexti skal vaxtaviðmun bréfsins breytt sem hér segir fyrir núvirðingu :

a. Innlend verðtryggð bréfa með breytilega vexti og erlend bréf með breytilega vexti:

i. Ef vextir bréfsins í árslok eru hærri en 3,5% skal í stað vaxta bréfsins nota :

MAX(vextir í árslok – 1,5%;lágmarksvextir ef ákvæði eru um það í bréfinu;3,5%)

ii Ef vextir bréfsins í árslok eru lægri en 3,5% skal nota vexti bréfsins

b. Innlend óverðtryggð bréf með breytilega vexti:

i. Ef vextir bréfsins í árslok eru hærri en 6,1% skal í stað vaxta bréfsins nota :

$MAX(\text{vextir í árslok} - 1,5\%; \text{lágmarksvextir ef ákvæði eru um það í bréfinu}; 6,1\%)$

ii Ef vextir bréfsins í árslok eru lægri en 6,1% skal nota vexti bréfsins

3. Endurmat bréfa með uppgreiðsluákvæði skal ekki lækkað að þessu sinni.

4. Minnt er á ákvæði 21.gr. 391/1998 um meðalverð síðustu þriggja mánaða fyrir eignir á markaðsverði. Fyrir erlendar eignir skal meðalverð eigna reiknað í viðkomandi gjaldmiðli (t.d. sem meðaltal verðs í lok september, október, nóvember og desember) umreiknað í krónur miðað við gengi 31.12.2012

5. Skila skal lista um eignir lífeyrissjóðsins þar sem fram koma upplýsingar um að minnsta kosti nafnverð, verðmæti samkvæmt bókhaldi lífeyrissjóðsins, verðmæti í ársreikningi eftir yfirferð endurskoðanda og núvirt verðmæti ásamt forsendum núvirðingarinnar. Nægar upplýsingar skal gefa um hvern flokk eigna til að unnt sé að sannreyna útreikninga á endurmati.

Fylgja skal staðfesting endurskoðanda á verðmætinu í ársreikningi ásamt flokkun einstakra eigna í efnahagsreikningi."

Drög að ársreikningi bársut í tölvupósti 5. apríl. Niðurstöðutafla sem var reiknuð vegna skýringa í ársreikningi er í samræmi við rekstrar- og efnahagsreikning samkvæmt framangreindum drögum.

Endurmatsverð eigna var borið saman við bókfært verð eigna og gengið úr skugga um að bókfærða verðið stemmdi við ársreikning. Eins voru valin nokkur verðbréf og endurmatsverð þeirra reiknað hjá Talnakönnun. Niðurstöður þeirra útreikninga stemmdu við endurmatsverðmætið frá sjóðnum.

Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður vegna fjárfestinga var 29,8 milljónir eins og fram kemur í töflunni að ofan og núvirðið 699,6 milljónir. Annar rekstrarkostnaður var 20,1 milljónir að núvirði 472 milljónir sem bætast við heildarskuldbindingu. Núvirtur kostnaður vegna áfallinnar skuldbindingar er hlutfallið reiknuð áfallin lífeyrisskuldbinding deilt með heildarskuldbindingu að viðbættum framtíðariðgjöldum og gaf það 213 milljónir.

VII. Staða sjóðsins í árslok 2012

Taflan sýnir niðurstöðu athugunarinnar með samanburði við staðlaðar forsendur og gömlu lífslíkur.

NIÐURSTAÐA í árslok 2012	Forsendur úttektar	Gamlar lífslíkur	Staðlaðar forsendur
ÁFALLIN STAÐA			
Höfuðstóll	20.372.735 þús.	20.372.735	20.372.735 þús.
Viðbót vegna endurmats	477.019	477.019	477.019
Fjárfestingarkostnaður	-699.640	-699.640	-699.640
EIGN	20.150.115	20.150.115	20.150.115

Áfallin lífeyrisskuldbinding	22.330.771		22.073.829		22.160.581	
Kostnaður	213.394		212.788		212.499	
Áfallin skuldbinding	22.544.165		22.286.617		22.373.080	
Staða	-2.394.050	-10,6%	-2.136.502	-9,6%	-2.222.965	-9,9%
HEILDARSTAÐA						
Iðgjöld	13.620.553	pús.	13.606.463		13.620.553	pús.
Eign + iðgjöld	33.770.668		33.756.578		33.770.668	
Lífeyrisskuldbinding	35.807.202		35.391.686		35.637.012	
Kostnaður	472.334		472.334		472.334	
Heildarskuldbinding	36.279.536		35.864.020		36.109.346	
Staða	-2.508.868	-6,9%	-2.107.442	-5,9%	-2.338.678	-6,5%

Tryggingafræðilegar forsendur eru staðlaðar að öllu leyti nema því að það er miðað við raunverulega hjúskaparstöðu lífeyrisþega en ekki staðlaðar hjúskaparlíkur. Ef stöðluðu forsendurnar hefðu verið notaðar þá hefði áfallin staða batnað um 0,7% og heildarstaða um 0,4%.

Áfallin skuldbinding í árslok 2011 var 22.551 milljónir en þar sem áunnin réttindi voru skert um 9% lækkaði hún í 20.522 milljónir. Áfallin skuldbinding hækkaði því um 2.022 milljónir og er reynt að skýra breytinguna í eftirfarandi töflu:

Lífeyrisskuldbinding		
2011	22.551	milljónir
Breyting réttinda -9,0%	-2.030	
Áf. skuldb. eftir breytingu	20.522	100,0%
Hækkun skb. á árinu	2.022	9,9%
Lífeyrisskuldbinding		
2012	22.544	milljónir
Skb. vegna nýrra réttinda	1.045	5,1%
Vaxtaáhrif	737	3,6%
Hækkun vegna verðbólgu	952	4,6%
Lækkun vegna lífeyrisgr.	258	1,3%
Hækkun vegna lífslíka	-736	-3,6%
Annað	-233	-1,1%
Samtals hækkun	2.022	milljónir

EFÍA er aðili að örorkusamkomulagi fjögurra lífeyrissjóða, Íslenska lífeyrissjóðsins, Lífeyrissjóðs Rangæinga og Lífeyrissjóðs tannlækna auk EFÍA.

Samkomulagið gengur út á það að lífeyrissjóðirnir greiða sameiginlega allan örorkulífeyri hjá sjóðunum og er hlutfall hvers lífeyrissjóðs reiknað árlega vegna örorkutilvika þess árs. Hlutdeild EFÍA var 54,9% í örorkulífeyrisgreiðslum vegna þeirra tilvika sem féllu til á árinu 2011. Það er ekki búið að reikna hlutdeild sjóðanna vegna tilvika ársins 2012.

Útreikningur á lífeyrisskuldbindingu EFÍA í tryggingafræðilegri athugun hefur alltaf miðað við tryggingafræðilegar forsendur sjóðsins sjálfs en ekki hefur verið tekið tillit til

örorkusamkomulagsins. Skuldbinding örorkulífeyrisþega hefur þó alltaf verið reiknuð að teknu tilliti til samkomulagsins.

Eftirfarandi tafla sýnir niðurstöðuna síðustu 3 árin þar sem reiknað er með að hlutfall sjóðanna vegna ársins 2012 verði meðaltal síðustu þriggja ára og verður hlutur EFÍA þá 56,0%:

ÁR	Skuldbinding EFÍA með samkomulagi	Skuldbinding EFÍA án samkomulags	Mismunur	Hlutfall af heildarskb.
2010	389.234.802	257.545.467	131.689.334	0,66%
2011	506.814.495	589.546.994	-82.732.499	-0,37%
2012	386.497.376	368.036.960	18.460.416	0,08%

VIII. Niðurlag

Staða sjóðsins er erfið eins og flestra annarra lífeyrissjóða á Íslandi. Almennt hafa eignir lífeyrissjóða í reynd rýrnað um 20 til 30% vegna efnahagshrunsins sem byrjaði á árinu 2008 og því ekki óeðlilegt að það þurfi að skerða áunnin lífeyrisréttindi tilsvareandi. Áunnin lífeyrisréttindi hjá EFÍA hafa verið skert um 30,4% frá hruni og viðbótarskerðing upp á 11,2%, sem myndi setja heildarstöðu sjóðsins í jafnvægi, þýddi samtals 38,2% skerðingu áunninna réttinda í árslok 2008, en þá minni skerðingu réttinda sem hafa verið áunnin frá árinu 2008.

Þessi tryggingafræðilega athugun byggir á þeim gögnum og forsendum, sem gert hefur verið grein fyrir í skýrslu þessari, ásamt hefðbundnum tryggingafræðilegum útreikningum. Niðurstaðan virðist í ágætu samræmi við niðurstöðu fyrri ára.

Gert í Reykjavík 16. apríl 2013

TALNAKÖNNUN HF.

Vigfús Ásgeirsson

IX. Viðauki TAFLA 1

Heildarskuldbinding (í mkr) KARLAR

Staða	Fjöldi	Meðalr/mán	Aldur	ELLI	ÖRORKU	MAKA	BARNA	SAMTALS
Virkir sjóðfélagar	531	524,1	42	19.862	1.448	3.533	493	25.336
Óvirkir	104	44,8	45	437	17	69	15	538
Ellilífeyrisþegar	107	444,8	74	5.483	0	1.063	0	6.546
Örorkulífeyrisþegar	10	463,4	57	714	368	120	0	1.202
Makalífeyrisþegar	0	0,0	0	0	0	0	0	0
Barnalífeyrisþegar	9	47,3	17	0	0	0	36	36
SAMTALS	761	441,0	46,5	26.497	1.832	4.785	544	33.658

(þúskr.)

Heildarskuldbinding (í mkr) KONUR

Staða	Fjöldi	Meðalr/mán	Aldur	ELLI	ÖRORKU	MAKA	BARNA	SAMTALS
Virkir sjóðfélagar	40	354,5	35	945	135	62	50	1.192
Óvirkir	15	21,9	37	40	1	2	2	45
Ellilífeyrisþegar	0	0,0	0	0	0	0	0	0
Örorkulífeyrisþegar	0	0,0	0	0	0	0	0	0
Makalífeyrisþegar	30	201,5	73	0	0	852	0	852
Barnalífeyrisþegar	10	69,5	15	0	0	0	60	60
SAMTALS	95	223,6	45,3	985	136	915	113	2.149

(þúskr.)

Heildarskuldbinding (í mkr) SAMTALS

Staða	Fjöldi	Meðalr/mán	Aldur	ELLI	ÖRORKU	MAKA	BARNA	SAMTALS
Virkir sjóðfélagar	571	512,2	41	20.808	1.583	3.595	543	26.528
Óvirkir	119	41,9	44	476	18	70	18	582
Ellilífeyrisþegar	107	444,8	74	5.483	0	1.063	0	6.546
Örorkulífeyrisþegar	10	463,4	57	714	368	120	0	1.202
Makalífeyrisþegar	30	201,5	73	0	0	852	0	852
Barnalífeyrisþegar	19	59,0	16	0	0	0	96	96
	856	416,9	46,3	27.482	1.969	5.700	657	35.807

(þúskr.)

KOSTNAÐUR				363	26	75	9	472
SAMTALS				27.844	1.995	5.775	666	36.280

Bókfærð eign 20.373

Endurmat -223

Núverandi eign 20.150

Ókomin iðgjöld KARLAR 12.937

Ókomin iðgjöld KONUR 684

Samtals 13.621

Heildareign 33.771

STAÐA -6,9% -2.509

X. Viðauki TAFLA 2

Áfallin skuldbinding (í mkr) KARLAR

Staða	Fjöldi	Meðalr/mán	Aldur	ELLI	ÖRORKU	MAKA	BARNA	SAMTALS
Virkir sjóðfélagar	531	239,2	42	10.147	587	1.736	133	12.604
Óvirkir	104	44,8	45	437	17	69	15	538
Ellilífeyrisþegar	107	444,8	74	5.483	0	1.063	0	6.546
Örorkulífeyrisþegar	10	463,4	57	714	368	120	0	1.202
Makalífeyrisþegar	0	0,0	0	0	0	0	0	0
Barnalífeyrisþegar	9	47,3	17	0	0	0	36	36
SAMTALS	761	242,2	46,5	16.782	972	2.987	185	20.925

(þúskr.)

Áfallin skuldbinding (í mkr) KONUR

Staða	Fjöldi	Meðalr/mán	Aldur	ELLI	ÖRORKU	MAKA	BARNA	SAMTALS
Virkir sjóðfélagar	40	123,2	35	374	44	23	7	448
Óvirkir	15	21,9	37	40	1	2	2	45
Ellilífeyrisþegar	0	0,0	0	0	0	0	0	0
Örorkulífeyrisþegar	0	0,0	0	0	0	0	0	0
Makalífeyrisþegar	30	201,5	73	0	0	852	0	852
Barnalífeyrisþegar	10	69,5	15	0	0	0	60	60
SAMTALS	95	126,2	45,3	414	45	877	70	1.405

(þúskr.)

Áfallin skuldbinding (í mkr) SAMTALS

Staða	Fjöldi	Meðalr/mán	Aldur	ELLI	ÖRORKU	MAKA	BARNA	SAMTALS
Virkir sjóðfélagar	571	231,1	41	10.521	631	1.759	141	13.052
Óvirkir	119	41,9	44	476	18	70	18	582
Ellilífeyrisþegar	107	444,8	74	5.483	0	1.063	0	6.546
Örorkulífeyrisþegar	10	463,4	57	714	368	120	0	1.202
Makalífeyrisþegar	30	201,5	73	0	0	852	0	852
Barnalífeyrisþegar	19	59,0	16	0	0	0	96	96
	856	229,3	46,3	17.195	1.017	3.864	255	22.331

(þúskr.)

KOSTNAÐUR				164	10	37	2	213
SAMTALS				17.360	1.026	3.901	257	22.544

Bókfærð eign 20.373

Endurmat -223

Núverandi eign 20.150

Ókomin iðgjöld KARLAR 0

Ókomin iðgjöld KONUR 0

Samtals 0

Heildareign 20.150

STAÐA -10,6% -2.394



Norðurljós yfir Þingvallavatni

